

Fundarboðandi: Þorvaldur H. Þórðarson (fh. Yfirdýralæknis) *Fundarstaður:* Matvælastofnun, Dalshraun 1b, Hafnarfirði

Fundarstjóri: Þorvaldur H. Þórðarson *Dagsetning:* 17. maí 2023

Fundarritari: Berglind Helga Bergsdóttir *Fundartími:* 9:30 – 11:00

Pátttakendur: Þorvaldur H. Þórðarson (Í staðgöngu yfirdýralæknis), Gísli Jónsson (Sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun), Berglind Helga Bergsdóttir (sérgreinadýralæknir fiskjúkdóma hjá Matvælastofnun), Guðni Magnús Eiríksson (f.h. Fiskistofu), Ásthildur Erlingsdóttir (f.h. Tilraunastöðvar H.Í. í meinafræði að Keldum), og Rakel Guðmundsdóttir (f.h. Hafró).

Dagskrá

- Umsókn um heimild til að meðhöndla eldislax í sjó við laxalús/fiskilús

Umræða

1. Ráðgjöf til Matvælastofnunar vegna umsóknar um leyfi til að lúsameðhöndla eldisfiska í sjókvíeldi

Umsókn um leyfi til lúsameðhöndlar á eldislaxi með Salmosan (Azamethiphos) lúsalyfi á Tjaldanesi í Arnarfirði: að mati nefndarinnar er sjúkdómsstaða eldisfisks á umræddu eldisvæði ekki þannig vaxin að ástæða sé til lyfjameðhöndlunar að sinni. Nefndin leggur áherslu á að áfram verði fylgst með fjölda sníkjudýra á eldisvæðinu með vikulegum talningum og gripið verði til viðeigandi ráðstafana ef svo ber undir.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 11:00.